



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2010 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2010, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur er varða breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kemur fram að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Núgildandi reglur um fjárhagsaðstoð tóku gildi þann 1. janúar 2011 en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á reglunum frá þeim tíma hvað varðar grunnfjárhæðir til framfærslu, aðstoð til foreldra vegna barna, húsbúnaðarstyrk og tryggingu vegna húsaleigu. Þá hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar í tengslum við rafvæðingu fjárhagsaðstoðar. Ekki er um að ræða heildarendurskoðun á reglunum heldur er að þessu sinni m.a. um að ræða breytingatillögur til samræmis við tillögur sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 og fram höfðu komið í áfangaskýrslu hóps um sárafatækt. Þá eru jafnframt lagðar til breytingar er varða framfærslu til einstaklinga sem stunda nám á framhaldsskólastigi og breytingar er varða greiðslu sérfræðiaðstoðar.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 37/2018 um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og höfð er hliðsjón af þeim lagabreytingum við þessar breytingar.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Kostnaðarmat fylgir tillögunni.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 9. mars 2020
2. Drög að reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg